

Öryggismerkingar

Þessar leiðbeiningar eru unnar vegna útgáfu [reglugerðar nr. 814/2010, um hollustuhætti á sund- og baðstöðum](#) sem tók gildi 1. janúar 2011.

-
-
-
-



Frá og með 1. janúar 2010 er skylda skv. reglugerð (nr. 814/2010) að merkja greinilega ýmsa þætti er varða öryggi og slyshættu, s.s. hitastig í setlaugum, þegar dýpi lauga er minna en 1,2 m eða yfir 3,0 m, hættu við dýfingar, hálfu á laugarbökkum og annað það sem nauðsynlegt þykir vegna öryggis og slyshættu sundgesta. Staðsetning skilta skal vera þannig að laugargestir komist ekki hjá því að sjá skiltin. Upplýsingar á skiltum skulu vera skýrar og læsilegar. Leturstærð skal taka mið af lestrarfjarlægð. Sérstök ákvæði skulu vera í starfsleyfi um fyrirkomulag merkinga, stærð og gerð skilta, staðsetningu o.þ.h. með hliðsjón af aðstæðum á viðkomandi stað.

Á sundstöðum, þar sem mikill fjöldi bæði innlendra og erlendra gesta kemur, er mikilvægt að notuð séu alþjóðleg stöðluð myndræn merkjakerfi. Kostur alþjóðlegra staðlaðra merkja er að þekking almennings á slíkum merkjum verður almenn þar sem sama merkjamálið er notað í mörgum löndum og dregur það úr þörf á texta og þar með misskilningi vegna tungumálaörðugleika. Notkun staðlaðra merkjakerfa eins og t.d. umferðamerkja, þar sem hver tegund merkja hefur sína liti og lögun og notar frekar myndtákn en letur, eykur mjög á öryggi og dregur úr slyshættu. Mikilvægt er að myndir og letur séu skýr og stærð þeirra taki mið af lestrarfjarlægð. Einnig þarf að velja þeim rétta staðsetningu þannig að þau séu áberandi öllum gestum.

Við hönnun öryggismerkja skal taka mið af staðli *ISO 3864 -1 Graphical symbols – Safety colours and safety signs- Part 1: Design principles for safety signs in workplaces and public areas*, hvað varðar útlit, lögun og liti merkja.

Ástæða er til að benda á að stöðluð öryggismerki koma ekki í stað góðra verklagsreglna, leiðbeininga, annarra slysavarna og þjálfunar starfsfólks.

Eftirfarandi merki eiga að vera til staðar:

- Yfirlitskort af helstu aðstöðu, svo sem búningsklefar, sturtur, baðstofa, neyðarútgangar, staðsetning heitra potta og lauga sem og hvar dýfingar eru bannaðar.
- Öryggisreglur – sem rekstraraðili setur til að stuðla að öryggi gesta og segja til dæmis til um leyfilega hegðun gesta og aldurstakmark barna.
- Að gestir skuli þvo sér án sundfata áður en farið er í laug.
- Hitastig vatns í pottum.
- Dýpi laugar.

- Tilgreint á laugarbakka hvar botn hallar bratt, eða ef jafnt hallandi botn, þá við miðja langhlið.
- Reglur í vatnsrennibraut.
- Háلكuviðvörun.

Merkjunum skal ávallt velja stað þannig að gestir komist ekki hjá því að sjá þau á leið sinni um viðkomandi svæði. **Letur- og myndstærð á merkjum skal vera í samræmi við eðlilega lestrarfjarlægð að teknu tilliti til sjónskertra, samt aldrei minni en 70 mm . Merkin eiga að vera á lóðréttum fleti.**

Inngangur /afgreiðsla: Yfirlitskort og öryggisreglur.

Búnings- og baðaðstaða: Að gestir skuli þvo sér án sundfata áður en farið er í laug.

Við setlaugar: Hitastig vatns.

Við laugar: Dýpi vatns, þar sem það er $\leq 1,2$ m eða $\geq 3,0$ m. Dýfingar bannaðar. Þar sem botn byrjar að halla bratt, eða ef jafnt hallandi, þá við miðja langhlið.

Við rennibraut: Hegðun í rennibraut í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Á laugarbökkum og þar sem það á við: Háلكuviðvörun.

Nánari staðsetningu merkjanna á viðkomandi svæði verður að ákveða á hverjum sundstað fyrir sig.

Bannmerki

Lögun er kringlótt með skástriki yfir. Öryggislitur er rauður, andstaður litur er hvítur. Mynd í svörtum lit.

Dæmi: Dýfingar bannaðar.



Skyldumerki

Lögun: Kringlótt. Öryggislitur blár, andstæður litur er hvítur, mynd í hvítum lit.

Dæmi: Barnahópar noti auðkennismerki.



Viðvörðunarkerki

Lögun: Þríhyrningur. Öryggislitur gulur, andstæður litur er svartur, mynd í svörtum lit.

Dæmi: Varúð hálka, botn dýpkar bratt.



Neyðarútgangur, öryggisaðstaða

Lögun: Ferningur, rétthyrningur. Öryggislitur grænn, andstæður litur er hvítur, mynd í hvítum lit.

Dæmi: neyðarútgangur, staðsetning skyndihjálparbúnaðar.



Brunavarnir

Lögun: Ferningur, rétthyrningur. Öryggislitur rauður, andstæður litur er hvítur, mynd í hvítum lit.

Dæmi: Brunaboði, staðsetning slökkvibúnaðar.



Viðbótarupplýsingar

Lögun: Ferningur, rétthyrningur. Öryggislitur hvítur.



Sniðmát fyrir skilti á sundstöðum

Hér má sjá grunnmyndir af skiltum sem setja á upp á sundstöðum skv. reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010. Lágmarksstærð skiltanna er 35 cm, og sniðmátin sem hér er að finna eru í þeirri stærð. Í Illustator útgáfu þessa skjals er að finna útgáfu sem er stækkanleg í aðrar stærðir.

Skiltin skulu vera í samræmi við reglugerð nr. 814/2010, sem finna má á reglugerd.is.


Einnig skal tillit tekið til staðal-sins *ISO 3864-1 Graphical symbols - Safety colours and safety signs*.

Staðalinn má nálgast hjá Staðlaráði.

Upplýsingar um reglugerðina má nálgast hjá Brýju. Íðnaðsstofur hjá Umhverfisstofnun.
 Upplýsingar um staðalinn má nálgast hjá Staðlaráði og prenta skiltana má finna hjá Vokandi Jónsævi hjá Umhverfisstofnun.




Varúðarskilti



Skyldumerki



Upplýsingaskilti



Hústægn sem sýnd eru hér eru til viðmiðunar, þeim skal breytt eil smávegis við hitastig lauganna sem skiltin eiga að standa við.
 Farir er frem á að leitungarir í málningum verði annaðhvort TÄHMÄ eða ARIAL.
 Athugið að lágmarkið henta sjóraknum bátum en hámarkið og ef notað er þykkt leitungarir að auka lífi milli stöð.

Bannmerki



gefið út leiðbeiningar með öryggismerkingum á sundstöðum. Á þessari síðu má nálgast skjöl með teikningum og leiðbeiningum til uppsetningar á öryggismerkingum við sundstaði.

Hægt er að fá útgáfuna bæði í [PDF \(Adobe Acrobat\)](#) og [AI \(Illustrator\)](#) sniði.